



Fundargerð stjórnar AKÍS

Staður og tími: Fjarfundur á Zoom, 7. febrúar 2023 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH)

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA).

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS) aðalmenn og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

BÞB ritaði fundargerð.

1. Rafbílar í keppnum.

Fyrir liggur álit öryggisráðs en það getur ekki mælt með að leyft verði að keppa á rafmagns/hybrid bílum þar sem hættur eru of margar og enginn klúbbur í stakk búinni til þess að takast á við þessar hættur. Stjórn samþykkir að BH, formaður öryggisráðs og AS vinni málið frekar.

2. Gokart vörugjöld.

Framkvæmdastjóri lagði fram tölvubréf frá Fjármála og efnahagsráðuneytinu varðandi nauðsynlegar lagabreytingar til að innflutningur á Gokart bílum verði án vörugjalda. Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram.

3. Öryggisbúnaður, gildistími samþykkt notkun. Frestað

4. Höfundarréttargjöld til STEF. Stjórn barst erindi frá STEF varðandi höfundarréttargjöld af tónlist á keppnum. Telur hún rétt að senda erindið áfram á félögin til að fá nánari lýsingu á því hvernig tónlistarfluttningi er háttað á keppnum. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf á félögin.

5. Úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ-Afreksstefna. Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2023 sl. , úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna verkefna ársins 2023 til Akstursípróttasambands Íslands (AKÍS). Einnig lögð fram yfirferð á [Afreksstefnu AKÍS](#).

6. Önnur mál

Farið var yfir keppnishald um liðna helgi, bæði í Rally sprettinum og hermikappakstri.

Farið yfir það sem tókst vel og það sem betur hefði mátt fara.